

Fimmtudaginn 13. janúar 1994.

Nr. 1/1994.

Lúðvík Gizurarson

(sjálfur)

gegn

Bergsteini Gizurarsyni,

Helga V. Jónssyni og

Jóhanni J. Ólafssyni

(sjálfir)

Kærumál. Gerðardómur. Kæruheimild. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. desember 1993, sem barst réttinum 4. janúar 1994. Um kæruheimild vísar sóknaraðili til 2. mgr. 9. gr. laga nr. 53/1989 um samningsbundna gerðardóma, en auk þess „í venjulegar kærumálsreglur, sbr. lög um Hæstarétt“.

Sóknaraðili krefst þess, að „þeim Jóhanni J. Ólafssyni lögfræðingi og Helga V. Jónssyni hrl. verði vikið frá störfum í gerðardómi, sem starfar samkvæmt gerðardómssamningi dagsettum 4. júní 1989 milli mín og Bergsteins Gizurarsonar, sbr. 9. gr. laga nr. 53/1989“. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili Bergsteinn Gizurarson krefst þess, að kröfum sóknaraðila verði hafnað og sér dæmdur kærumálskostnaður.

Kröfur hafa ekki borist frá öðrum varnaraðilum.

I.

Sóknaraðili reisir kröfugerð sína á þremur málsástæðum. Í fyrsta lagi hafi ekki verið farið eftir ákvæðum gerðardómssamningsins um skipun Helga V. Jónssonar sem oddamanns. Í öðru lagi skorti Jóhann J. Ólafsson sérstök hæfisskilyrði héraðsdómara vegna setu í öðrum gerðardómi, er fjallað hafi um hluta þess ágreinings, sem þessi gerðardómur á að leysa úr. Í þriðja lagi hafi orðið verulegur dráttur á meðferð gerðarmálsins vegna vanrækslu gerðardómsmanna. Af þessum atriðum er aðeins hið síðastgreinda kæranlegt til

Hæstaréttar samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 53/1989, sbr. 2. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 6. gr. Um aðrar kærueimildir, en fram koma í þessum lögum, er ekki að ræða.

II.

Á það verður að fallast með héraðsdómara, að skilyrði séu ekki til þess að leysa gerðarmenn frá störfum vegna dráttar á málinu. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilanum Bergsteini Gizurarsyni kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

III.

Í greinargerð sinni til Hæstaréttar viðhefur sóknaraðili ýmis óvið-urkvæmileg ummæli í garð varnaraðilanna Bergsteins Gizurarsonar og Jóhanns J. Ólafssonar. Þetta verður að átelja. Þá er það ámælisvert, að sóknaraðili byggir málatilbúnað sinn á drætti, sem hann á að verulegu leyti sök á sjálfur, eins og rakið er í hinum kærða úrskurði.

Það athugast, að í hinum kærða úrskurði eru gerðarmenn ekki tilgreindir sem varnaraðilar, sbr. dóm Hæstaréttar 29. október 1993.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Lúðvík Gizurarson, greiði varnaraðilanum Bergsteini Gizurarsyni 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 14. desember 1993.

I.

Máli þessu var vísað til Héraðsdóms Suðurlands með bréfi Bergsteins Gizurarsonar dagsettu 13. janúar 1993. Í bréfinu segir: „Þar sem einn gerðardómenda Jón Ármann Héðinsson, hefur sagt sig úr gerðardóminum, óskar undirritaður eftir því, að þér, herra dómstjóri, skipi (sic) gerðardóm-anda í hans stað sem fyrst. Eins og sést í meðfylgjandi gerðardómssamningi er samningurinn óuppsegjanlegur. Þrátt fyrir það hefur Lúðvík Gizurarsyni liðist að koma í veg fyrir, að gerðardómurinn ljúki hlutverki sínu.“ Í samræmi við bréf þetta fékk málið heitið „Beiðni Bergsteins Gizurarsonar um að tilnefndur verði maður í gerðardóm“.

Málið var fyrst tekið fyrir 24. ágúst sl. og ákvað dómari þá að fresta mál-

inu til 16. september og beindi því jafnframt til aðila að þeir leituðu samkomulags um að gera gerðardómssamninginn virkan eða um nýja gerðarmenn. Er mál þetta var síðan tekið fyrir þann dag, varð varnaraðili, Lúðvík Gizurarson, við því að tilnefna mann af sinni hálfu, og var Magnús Thoroddsen hrl. skipaður í því þinghaldi til þess að taka sæti í gerðardóminum.

Jafnframt því að tilnefna Magnús til setu í gerðardóminum gerði varnaraðili nú kröfu til þess að gerðarmönnum Jóhanni J. Ólafssyni og Helga V. Jónssyni yrði vikið úr gerðardóminum og dómurinn skipaði nýja menn til starfa í gerðardóminum í þeirra stað. Upphaflegur sóknaraðili, sem eftirleiðis verður nefndur varnaraðili, tók til varna í þessum þætti málsins og krafðist þess, að þeirri kröfu yrði hrundið, og skírskotaði til þess, að ekkert það hefði gerst í málinu, sem gæfi tilefni til þess, að þeim yrði vikið frá, auk þess sem slíkt myndi tefja málið og hafa aukinn kostnað í för með sér. Var málið síðan tekið til munnlegs málflutnings 27. september sl. um þessa kröfu upphaflegs varnaraðila, sem eftirleiðis í úrskurði þessum verður nefndur sóknaraðili. Í samræmi við þetta fékk málið nýtt heiti.

Úrskurður í málinu var kveðinn upp 6. október sl. Úrskurðurinn var kærður til Hæstaréttar, er kvað síðan upp dóm í málinu 29. október sl. Í dómi Hæstaréttar segir: „Í máli þessu heldur sóknaraðili fram vanrækslu framangreindra gerðarmanna í starfi. Þeim hefur ekki verið gefinn kostur á því að mæta í málinu og taka til varna. Ber því að ómerkja hinn kærða úrskurð og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar að nýju.“ Í samræmi við dóm Hæstaréttar var málið tekið fyrir að nýju þann 30. nóvember sl. Komu þá fyrir dóminn gerðarmennirnir Helgi V. Jónsson og Jóhann J. Ólafsson. Gerðarmaðurinn Helgi V. Jónsson lagði fram skýrslu um störf gerðardómsins. Var málinu síðan frestað til 6. desember sl. og fór þá fram munnlegur málflutningur og að honum loknum var málið tekið til úrskurðar að nýju.

II.

Hinn 4. júní 1989 undirrituðu þeir Lúðvík Gizurarson og Bergsteinn Gizurarson gerðardómssamning. Samkvæmt samningnum skyldi gerðardómurinn skera úr deilum vegna viðskipta milli þeirra allt frá árinu 1960 á nánar tilgreindan hátt.

Um skipan gerðardómsins er svohljóðandi ákvæði:

„Gerðarmenn skulu vera þrír. Það eru þeir Jóhann J. Ólafsson stórkaupmaður, Kleifarvegi 6, Reykjavík, og Jón Ármann Héðinsson, Birkigrund 59, Kópavogi, ásamt oddamanni. Oddamaður verði fenginn samkvæmt samkomulagi sýslumanns Rangárvallasýslu og fyrrnefndra gerðarmanna. Nái þeir ekki samkomulagi, skal hann dóm-

kvaddur af borgardómaranum í Reykjavík. Gerðardómurinn ákveður þóknun oddamanns og annarra gerðarmanna.“

Gerðarmennirnir Jóhann J. Ólafsson og Jón Ármann Héðinsson lýstu því yfir með áritun á gerðardómssamninginn að þeir samþykktu að taka þetta gerðardómsstarf að sér.

Samkvæmt skýrslu gerðarmannsins Helga V. Jónssonar, dagsettri 26. nóvember sl., kom gerðardómurinn fyrst saman til starfa 4. október sl. (sic) og sendi síðan deiluaðilum bréf þann 4. janúar 1990, þar sem óskað var eftir nánar tilgreindum upplýsingum frá þeim.

Um tildrög þess, að Helgi V. Jónsson tók sæti í gerðardóminum sem oddamaður, segir í fyrrgreindri skýrslu Helga V. Jónssonar:

„ . . . skipuðu þeir Jóhann J. Ólafsson og Jón Ármann Héðinsson gerðardóminn, en undirritaður tók sæti sem formaður gerðardómsins að þeirra beiðni, og var fyrsti fundur gerðardómsins haldinn 4. október 1989. Ekki var mér annað kunnugt á þeim tíma en að sú skipan væri gerð með samþykki sýslumanns Rangárvallasýslu, enda kom ekki fram athugasemd um það af hans hálfu er ég átti samtöl við hann eftir að ég tók að mér starfið.“

Í bréfi sóknaraðila, dags. 18. apríl 1991, til Helga V. Jónssonar er gerð sú krafa að hann segi af sér sem formaður gerðardómsins. Þar er skírskotað til þess að ekki hafi verið gætt þess ákvæðis gerðardómssamningsins sem kveður á um að oddamaður skuli skipaður samkvæmt samkomulagi sýslumannsins í Rangárvallasýslu og gerðarmanna. Jafnframt segir í bréfinu: „Ekkert samráð var haft við sýslumann, sem nefndur er þó á undan gerðardómsmönnum . . .“ Þessi krafa er ítrekuð í bréfi, dagsettu 22. maí 1991. Sóknaraðili ritar yfirborgardómaranum í Reykjavík bréf, dags. 26. ágúst 1991. Í tilefni þess bréfs hafa yfirborgardómarinn í Reykjavík og sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu átt tal saman símleiðis eins og fram kemur í bréfi sýslumannsins til yfirborgardómarans, dags. 11. september 1991. Í bréfinu segir svo:

„Varðandi framangreint vil ég staðfesta að gerðardómsmennirnir Jóhann J. Ólafsson og Jón Ármann Héðinsson hafa eigi snúið sér til mín varðandi oddamann. Hefur hvorugur þeirra rætt við mig varðandi vinnu þeirra gerðardómsmanna né annað gerðardóminum viðvíkjandi. Hins vegar hef ég átt viðtöl við Helga V. Jónsson hrl., sem ég taldi að allir hefðu sætt sig við sem oddamann.“

Með bréfi, dags. 24. október 1991, tilkynnir Jón Ármann Héðinsson

Helga V. Jónssyni að samkvæmt tilmælum Lúðvíks Gizurarsonar, en hann telji sér ekki annað fært en að verða við þessari ósk umbjóðanda síns, leggi hann niður störf í gerðardóminum uns nýr oddamaður hafi verið skipaður. Tilgreinir hann sem ástæðu fyrir þessari ákvörðun sinni þau ummæli, er sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu viðhafði í bréfi sínu frá 11. september 1991 sem rakið er hér að framan. Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu fékk í hendur afrit af bréfi Jóns Ármanns frá 24. október 1991 og ritaði honum bréf sem dagsett var 31. október 1991. Í bréfinu skorar sýslumaður á Jón Ármann að halda áfram störfum við afgreiðslu verkefna gerðardómsins. Undirstríkar sýslumaður það í bréfi sínu, að bréf hans frá 11. september gefi ekki tilefni til þeirrar ákvörðunar að mæta ekki. Segir jafnframt í bréfi sýslumanns:

„Í ársbyrjun 1990 varð mér kunnugt um að gerðardómsmennirnir tveir, Jóhann J. Ólafsson og þér, höfðu byrjað að starfa með Helga V. Jónssyni sem oddamanni dómsins. Þetta taldi ég góða ráðstöfun og féllst á hana í framkvæmd. Það gerðu og aðilar málsins, Lúðvík og Bergsteinn.“

Hinn 3. nóvember 1991 rita Lúðvík Gizurarson og Valgerður Einarsdóttir svohljóðandi bréf til Jóns Ármanns Héðinssonar:

„Við undirrituð hjón, Valgerður Einarsdóttir og Lúðvík Gizurarson, munum ekki una væntanlegum úrskurði í gerðardómsmálinu v/Bergsteins Gizurarsonar, en gerðardómurinn hefur nú staðið frá 4. júní 1989 eða á þriðja ár. Sjónarmið og rök okkar hafa ekki fengið neinn hljómgrunn í dóminum og þær greiðslur, sem við höfum innt af hendi sannanlega, eru vefengdar. Þess vegna er það krafa okkar, að þú sem fulltrúi okkar dragir þig endanlega í hlé.“

Á bréfinu er svofelld áritun: „Dreg mig í hlé. Er endanlega hættur störfum í gerðardóminum.“ Undir þessa áritun ritar Jón Ármann Héðinsson.

Í framhaldi af bréfi þessu ritar Bergsteinn Gizurarson sýslumanninum í Rangárvallasýslu bréf 5. nóvember 1991, þar sem hann óskar eftir því að sýslumaðurinn skipi gerðarmann í stað Jóns Ármanns Héðinssonar.

Í bréfi til sýslumannsins í Rangárvallasýslu, dagsettu 29. desember 1991, þar sem krafist er þess, að gerðardómssamningnum verði aflýst, kemur fram, að sóknaraðili hefur talið sig hafa rift gerðardómssamningnum með skeyti til varnaraðila. Þeirri riftunarkröfu er hafnað í bréfi varnaraðila til sýslumannsins í Rangárvallasýslu, dags. 7. janúar 1991.

Með bréfi, dags. 10. apríl 1992, ritar sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu

sóknaraðila og skorar á hann að tilnefna mann af sinni hálfu til að taka sæti í gerðardóminum. Sóknaraðili varð eigi við tilmælum sýslumanns. Með bréfi, dags. 4. desember 1992, tilkynnir sýslumaður varnaraðila, að honum beri að snúa sér til Héraðsdóms Suðurlands til þess að fá skipaðan nýjan gerðarmann ef hann kjósi svo, en gagnaðili hafi ekkert aðhafst í því máli.

III.

Sóknaraðili hefur fallist á, og er það ágreiningslaust í málinu, að um gerðardómssamninginn skuli fara samkvæmt lögum nr. 53/1989. Jafnframt hefur hann lýst yfir því, að líta skuli svo á, að um þetta sé samkomulag, sem sé hluti af gerðardómssamningnum og viðbót við hann, og jafnframt, að hann sé því samþykkur að gerðardómssamningurinn sé í fullu gildi.

Sóknaraðili máls þessa reisir kröfu sína um, að gerðarmönnum Jóhanni J. Ólafssyni og Helga V. Jónssyni verði vikið úr gerðardóminum og nýir menn skipaðir í þeirra stað á 9. gr. laga nr. 53/1989. Þar segir, að verði verulegur dráttur á meðferð gerðarmáls, sem aðili telur að megi rekja til vanrækslu gerðarmanna á starfsskyldum sínum, geti hann snúið sér til héraðsdómara með þeim hætti, er segir í 4. og 5. gr., með kröfu á hendur gagnaðila og gerðarmönnum um að gerðarmenn, einn eða fleiri, verði leystir frá störfum og aðrir skipaðir í þeirra stað.

Þá reisir sóknaraðili kröfu sína um, að Jóhanni J. Ólafssyni verði vikið úr gerðardóminum, einnig á því, að samkvæmt 6. gr. laga nr. 53/1989 skuli gerðarmenn fullnægja sérstökum hæfnisskilyrðum héraðsdómara til meðferðar einstaks máls. Jóhann hafi átt sæti í gerðardómi er hafi fjallað um ágreining málsaðila vegna jarðarinnar Bakkavalla. Þeim gerðardómi, er hér er fjallað um, sé m. a. ætlað að fjalla um þann þátt að nýju. Jóhann hafi þegar tekið afstöðu hvað varðar þann lið gerðardómsins og sé því vanhæfur til að fjalla um þetta atriði að nýju.

Kröfu sína um, að Helga V. Jónssyni verði vikið úr gerðardóminum reisir sóknaraðili einnig á því, að við að fá hann sem oddamann gerðardómsins hafi ekki verið farið eftir ákvæðum gerðardómssamningsins. Ekki hafi verið farið eftir því ákvæði að oddamaður verði fenginn eftir samkomulagi sýslumanns Rangárvallasýslu og fyrrgreindra gerðarmanna (þ.e. Jóh. J. Ólafss. og Jóns Árm. Héðinss.).

Varnaraðili í máli þessu hefur mótmælt öllum kröfum sóknaraðila. Hann heldur því fram, að tafir þær, sem orðið hafi á því, að gerðardómurinn lyki störfum stafi eingöngu af framkomu sóknaraðila og þeirri staðreynd, að sóknaraðili fékk gerðarmanninn Jón Ármann Héðinsson til þess að hætta störfum í gerðardómnum 3. nóvember 1991 og þverskallaðist við að nefna nýjan mann í hans stað þar til í þinghaldinu 16. september sl. Þá hefur hann

mótmælt því að seta Jóhanns J. Ólafssonar í fyrri gerðardómi hafi nokkur áhrif á störf hans í þessum gerðardómi.

Hvað varði kröfu sóknaraðila um, að Helga V. Jónssyni verði vikið úr gerðardóminum, ítrekar hann, að gerðarmennirnir hafi komið sér saman um skipun hans sem oddamanns og að sýslumaður Rangárvallasýslu hafi af því vitað, er gerðardómsmennirnir tóku að starfa, og lýst sig því sammála.

IV.

Kröfu sóknaraðila um að gerðarmanninum Jóhanni Ólafssyni verði vikið úr gerðardómnum á grundvelli 2. mgr. 6. gr. laga nr. 53/1989, verður að hafna, og kemur hún ekki til álita við efnisúrslauð þessa máls, þar sem ekki hefur verið gætt ákvæða 3. mgr. 6. gr. laga nr. 53/1989 um að formaður gerðardóms skeri úr um ágreining um hæfnisskilyrði gerðarmanna.

Gerðardómssamningurinn, sem um er fjallað í máli þessu, er dagsettur 4. júní 1989. Hann er áritaður af gerðarmönnunum Jóhanni J. Ólafssyni og Jóni Ármanni Héðinssyni. Undirritun þeirra er ekki sérstaklega dagsett, en ætla verður af þeim gögnum, sem liggja frammi í málinu, að þeir hafi tekið tilnefningunni í gerðardóminn þann dag, enda má ætla að nöfn þeirra hefðu ekki verið tekin inn í texta gerðardómssamningsins, ef þeir hefðu ekki þá þegar fallist á að gegna þeim störfum.

Gerðarmennirnir hafa komið fyrir dóminn. Ekki liggur fyrir dóminum, hvert umfang þeirra starfa er, sem gerðardóminum er ætlað að leysa úr, en ætla má að um talsvert umfang sé að ræða. Gerðarmaðurinn Jóhann J. Ólafsson gat þess er hann kom fyrir dóminn að samkvæmt minnisbókum sínum væru færðar inn yfir þrjátíu innfærslur. Gerðarmaðurinn Helgi V. Jónsson telur upp með dagsetningum 26 atriði er varða störf gerðardómsins.

Nokkuð virðist hafa skort á, að málið hafi verið tekið nægilega föstum tókum í upphafi. Það liggur hins vegar fyrir, að fyrir tilstilli sóknaraðila hætti gerðarmaðurinn Jón Ármann Héðinsson störfum þann 3. nóvember 1991 og sóknaraðili tilnefndi ekki nýjan mann í hans stað fyrr en í þinghaldi 16. september sl. eða rúnum 22 mánuðum eftir að hann lét af störfum. Ljóst er reyndar, að þegar í aprílmánuði 1991 hófst sóknaraðili handa um að rifta gerðardómssamningnum þótt ekki hafi orðið að þeirri riftun og jafnframt krafðist hann þess þá að formaður gerðardómsins segði af sér. Fyrir liggur, að með bréfi sýslumannsins í Rangárvallasýslu, dagsettu 10. apríl 1992, var skorað á sóknaraðila máls þessa að tilnefna af sinni hálfu nýjan mann í gerðardóminn í stað Jóns Ármanns Héðinssonar. Þegar þetta er virt þykir varhugavert að leysa gerðarmennina frá störfum á grundvelli dráttar á málinu.

Í gerðardómssamningnum er ákvæði um oddamann, sem áður hefur ver-

ið rakið. Samkvæmt því ákvæði skyldi oddamaður vera fenginn eftir samkomulagi sýslumanns Rangárvallasýslu og þar greindra gerðarmanna. Í bréfi sýslumannsins í Rangárvallasýslu, dagsettu 31. október 1991, til Jóns Ármanns Héðinssonar segir:

„Í ársbyrjun 1990 varð mér kunnugt um að gerðardómsmennirnir tveir, Jóhann J. Ólafsson og þér, höfðu byrjað að starfa með Helga V. Jónssyni sem oddamanni dómsins. Þetta taldi ég góða ráðstöfun og féllst á hana í framkvæmd. Það gerðu einnig aðilar málsins, þeir Lúðvík og Bergsteinn.“

Ekki er unnt að gera formbundnar kröfur um það hvernig því samkomulagi, er gerðardómssamningurinn kveður á um, skuli komið fram. Verður að telja að þegar gerðarmennirnir hafa komið sér saman um oddamann þá sé það nægilegt að sýslumaður fallist á þá ráðstöfun til þess að hún verði gild. Ekki liggur fyrir hvernig eða hvenær samkomulag gerðarmannanna um oddamann lá fyrir. Það liggur hins vegar fyrir, að sýslumanni Rangárvallasýslu var kunnugt um þetta samkomulag í ársbyrjun 1990 og taldi góða ráðstöfun. Með vísan til þess, er hér hefur verið rakið, verður að telja, að samkomulagið um, að Helgi V. Jónsson taki sæti í gerðardóminum sem oddamaður, sé lögmætt og ekki sé tilefni til að víkja honum úr gerðardóminum af þeim sökum.

Málskostnaðar var ekki krafist í upphafi. Við upptöku málsins að nýju eftir dóm Hæstaréttar kröfðust báðir málsaðilar þess að þeim yrði úrskurðaður málskostnaður. Rétt þykir að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu.

Kristján Torfason dómstjóri kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hafnað er kröfum sóknaraðila um að Helga V. Jónssyni og Jóhanni J. Ólafssyni verði víkið úr gerðardóminum.
